

Stjórnarfundur Félags prófessora við ríkisháskóla

16. fundur stjórnar 2023-2024 föstudaginn 3. maí 2024
kl. 12.00 – 14.00 haldinn í Gimli, stofu 301 og á Zoom.

Mætt: Guðný Björk Eydal, Ragna Benedikta Garðarsdóttir og Zophonías Oddur Jónsson.
Á Zoom: Sigrún Ólafsdóttir formaður, Hólmfríður Garðarsdóttir og Þóroddur Bjarnason.
Forföll: Grétar Þór Eyþórsson og Ólafur Páll Jónsson.
Gestur fundarins á Teams: Ágústa K. Guðmundsdóttir endurskoðandi (á Zoom).
Lilja Þorgeirsdóttir, framkvæmdastjóri ritaði fundargerð.

Eftirfarandi dagskrá lá fyrir fundinum:

1. Fundargerðir lagðar fram til afgreiðslu.
 - a) Fundargerð 14. stjórnarfundar frá 19. apríl 2024
 - b) Fundargerð 15. stjórnarfundar frá 22. apríl 2024
2. Aðalfundur FPR. Framhald.
3. Ársreikningur 2023.
4. Kjarasamningar og kröfugerð félagsins. Staðan.
5. Málþing FPR, FH og FHA um stigamatskerfið. Framhald.
6. Næsti stjórnarfundur.
7. Önnur mál.

Zophonías Oddur Jónsson setti fundinn kl. 12.30.

1. Fundargerðir lagðar fram til afgreiðslu.

- a) Fundargerð 14. stjórnarfundar frá 19. apríl 2024
- b) Fundargerð 15. stjórnarfundar frá 22. apríl 2024

Vegna anna og fjölda stjórnarfunda hefur ekki náðst að klára ritun fundargerða.
Samþykkt var að afgreiða þær í tölvupósti.

2. Aðalfundur FPR. Framhald. (Fskj. 1)

Samþykkt var að leggja það til við aðalfund að Kári Kristinsson verði fundarstjóri og framkvæmdastjóri fundarritari. Guðný mun fylgjast með því sem gerist á Teams.
Andri Valur Ívarsson lögmaður BHM verður til taks á Teams ef óskað verður eftir leynilegum kosningum.

Gögn aðalfundar voru send viku fyrir fundinn.

Skýrsla stjórnar er tilbúin og verður send út eftir fundinn ásamt Teamshlekk inn á fundinn.

3. Ársreikningur 2023.

Endurskoðandi félagsins, Ágústa K. Guðmundsdóttir hjá Endurskoðun og reikningshald ehf. fór yfir ársreikninginn. Hún kom inn á fundinn kl. 13 á Zoom og gerði grein fyrir ársreikningnum ásamt gjaldkera og framkvæmdastjóra.

Skoðunarmenn félagsins, þeir Brynjólfur Sigurðsson og Jónatan Þórmundsson, árituðu hann fyrir viku síðan.

Afgangur á rekstri félagsins á árinu 2023 var um 4 m.kr. samanborið við 6,5 m.kr. árið áður. Félagsgjöld hækkuðu um 6% á milli ára. Laun og launatengd gjöld hækkuðu á árinu sem skýrist af kjarasamningsbundnum hækkunum, hækkun á starfshlutfalli framkvæmdastjóra ásamt yfirvinnu og að þóknun til stjórnar var breytt í launagreiðslur í stað verktakagreiðslna eins og áður. Kostnaður vegna félagsstarfsemi lækkaði á milli ára þar sem árlegur fundur Norræna samstarfsins var á Íslandi í þetta sinn. Þá lækkaði skrifstofukostnaður á milli ára þar sem hluti af sameiginlegum skrifstofukostnaðar er greiddur af Starfsþróunarsjóði ásamt launatengdum gjöldum framkvæmdastjóra sem er breyting frá 2022.

Afgangur af rekstri Starfsþróunarsjóðs prófessora nam tæpar 900 þús.kr. en var 14,4 m.kr. árið 2023. Tekjur sjóðsins jukust um 5% á milli ára á meðan umsóknum fjölgaði talsvert á árinu 2023. Þá greiðir sjóðurinn hlutdeild í sameiginlegum rekstrarkostnaði skrifstofunnar eins og áður hefur komið fram.

Stjórnin samþykkti ársreikninginn samhljóða og verður undirritaður rafrænt eftir fundinn.

Ágústa fór kl. 13.25.

4. Kjarasamningar og kröfufेरð félagsins. Staðan.

RBG sagði frá fundi 13 aðildarféлага BHM með SNR en hvorki formaður né varaformaður FPR komust á fundinn. Hún sendi samantekt frá fundinum til stjórnar til upplýsinga. Formaður FH og FHA voru á Teams ásamt fleiri félög BHM. Ríkið leggur áherslu á samning til fjögurra ára sem erfitt er að samþykkja miðað við þær forsendur sem eru til umræðu. Þá er ekki hægt að treysta á stofnanasamninga ef fjármagn fylgir ekki með. Tveir fundir til viðbótar eru á dagskrá en ríkið stefnir af því að klára samninga fyrir 17. júní. Varðandi það sem snýr að prófessorum var rætt um kennsluyfirvinnu og styttingu vinnuvikunnar sem eru sérmál akademíks starfsfólks og þarf að taka fyrir á sér fundi.

Rætt var um sameiginlega kröfufेरð FPR, FH og FHA sem er í vinnslu og þarf að klára.

5. Málþing FPR, FH og FHA um stigamatskerfið. Framhald.

Skráning á málþing FPR, FH og FHA um matskerfi opinberra háskóla sem verður 8. maí nk. gengur vel. Útlit er fyrir mjög góða þátttöku bæði á staðnum og á Teams.

6. Næsti stjórnarfundur.

Næsti fundur verður eins fljótt og hægt er eftir aðalfund félagsins og málþingið 8. maí.

7. Önnur mál.

a) Norrænt samstarfsnefnd um akademískt frelsi.

Hólmfríður Garðarsdóttir og Henry Alexander Henrysson fulltrúar félagsins í starfshópi um adademískt frelsi á Norðurlöndum eru að vinna að skýrslu um niðurstöður á könnun hópsins um málið. Henry er ritstjóri í þeirri vinnu sem er á lokametrunum.

b) Vinnustofa um viðveru/-tímaskráningarkerfi.

Bréf barst frá sviðsstjóra mannauðssviðs HÍ dags. 26. apríl um vinnufund/-stofu um viðveru/-tímaskráningarkerfi fyrir starfsfólk. Ástæðan er að Fjársýslan og Ríkiskaup

eru að undirbúa útbod á slíku kerfi. Óskað er eftir tilnefningu tveggja fulltrúa félagsins á fundinn til að vinna að þarfagreiningu fyrir akademískt starfsfólk. Ákveðið var að Sigrún fari á fundinn og Ragna verði varamaður.

c) Breytingar á stjórn félagsins eftir aðalfund.

Grétar og Hólmfríður eru að hætta í stjórn og var þeim þakkað fyrir samstarfið.

Fleira var ekki gert og fundi slitið kl. 14.12.

Fundarritari: LP.